



30. stjórnarfundur LH

21. ágúst 2018 kl. 18:00 í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal

1. Formaður setur fund og tilnefnir fundarstjóra

LÁH setti fundinn og JDB tók að sér að stýra fundinum.

2. Fundargerð síðustu tveggja funda (28. og 29.).

Fundargerð 28. fundar samþykkt. Fundargerð 29. fundar, símafundar, verður samþykkt í tölvupósti.

3. Undirbúningur landsþings

- Farið var lauslega yfir stöðu tillagnanna og ítreka þarf svör frá JÍ, HÍDÍ og GDLH.
- Praktísk mál varðandi þingið s.s. gisting fyrir okkur og starfsmenn, ferðir, boðun, fyrirkomulag ofl.

Samþykkt að LH greiðir ferðakostnað, gistingu og þingslitafagnað fyrir stjórnarmenn, bæði aðal- og varastjórn. Séu stjórnarmenn hins vegar þingfulltrúar síns félags, greiðir félagið þennan kostnað.

SM sagði frá fundi laganeftndar sem kom saman nokkrum dögum áður. Þar er búið að vera að skoða kafla í lögum og reglum fyrir landsþing, alla fresti og slíkt vegna þess. Laganeftnd leggur til að keppnisreglur FEIF verði þýddar upp á nýtt. Einnig hefur komið upp umræða um að skoða lög og reglur varðandi lagabreytingar. Mörg sérsambönd eru ekki með tillögur að lagabreytingum á þingum, heldur í nefndum. Stundum eru stórmál tekin fyrir á þingum og umræður leyfðar. Síðan eru nefndir, keppnisnefnd/laganeftnd sem vinna úr þessu og stjórnir staðfesta breytingarnar eða hafna.

Laganeftnd mun vinna leiðbeiningar fyrir þingfulltrúa, eins konar handbók til að undirbúningur þeirra verði áhrifaríkur og góður.

c. Tillögur frá stjórn:

- Nokkrar hugmyndir að tillögum voru ræddar og verða tillögur stjórnar mótaðar nánar.

4. Staða mála vegna LM2018

Mótshaldarar í Fákí eru ánægðir með mótið og hafa greitt hluta gjaldsins til LH. Nánari upplýsingar munu koma fljótlega og einnig verður fundur í stjórn Landsmóts hestamanna innan tíðar.

5. Tillaga starfshóps vegna mögulegra breytinga á vinnureglum valnefndar

Samþykkt að fresta afgreiðslu þessa máls til næsta fundar. Stjórnarmenn undirbúa sig og vinna tillögu að breytingum á tillögu starfshóps ef þarf.

6. Önnur mál

a. AppFengur

Fundarmönnum fannst sérstakt að vera að búa til tvö svipuð smáforrit, okkar LH Kappa og AppFeng, en BÍ smíðar það app. Athuga það mál, funda með BÍ fólki vegna þessa.



b. **LH Kappi**

Einnig rætt um LH Kappa, appið okkar. Viljum við að það kosti eitthvað í framtíðinni? Hver er framtíð þess? Hver viljum við að sé þróun þess? Umræðan var á þá leið að appið væri gott, vilji fyrir því að láta það kosta eitthvað smáræði á næsta tímabili til viðhalds og þróunar.

c. **Umsjónarmaður unglunga og ungmenna**

HBH og JDB ræddi um mikilvægi þess að hafa liðsstjóra sem sér um unga fólkið á alþjóðlegum mótum. Þetta hefur verið rætt í mörg ár en aldrei fest sig í sessi eða tekið föstum tókum. Ákveðið að beina þessari umræðu til landsliðsnefndar og að þar verði hugað að mikilvægi þessa hlutverks innan landsliðsins.

d. **Fjölmiðlafulltrúi LH**

Þetta er einnig hlutverk sem hefur verið rætt áður. Umræðan var á þann veg að þetta væri spennandi viðbót og nauðsynleg.

*Fundi slitið um 21:20.
Fundargerð ritaði Hilda Karen Garðarsdóttir.*